

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 1998

30. desember 1998

2477

Nr. 799

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

84. gr. orðist svo:

Fyrir hvert próf (fræðilegt próf og verklegt próf) skal greiða sérstakt gjald, þannig:

Flokkur	M, T	A, B	BE	C	CE	D	DE	Farþegaflutningar í atvinnuskyni		
								B	D	
Fræðilegt próf	1100	1100								krónur
Verklegt próf	2400	3400	4200	6000	6000	6000	6000	6000	4000	krónur

Fyrir verklegt próf fyrir stórt bifhjól, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr., skal greiða 3.400 krónur.

Ef verklegt próf fyrir flokk D og til farþegaflutninga í atvinnuskyni fer fram samtímis skal greiða 9.000 krónur.

Fyrir fyrsta hæfnispróf skal ekki greiða gjald nema prófið fari fram skv. 68. gr.

2. gr.

86. gr. orðist svo:

Fyrir ökuskírteini skal greiða:

- Ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE, svo og til farþegaflutninga í atvinnuskyni, að 65 ára aldri 3.500 kr.
 - Bráðabirgðaökuskírteini 2.000 kr.
 - Ökuskírteini 65 ára og eldri 2.000 kr.
 - Ökuskírteini fyrir flokkana M og T 2.000 kr.
 - Alþjóðlegt ökuskírteini 1.000 kr.
- Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.